

**Ed.**

**230. Nefndarálit**

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Olíugjaldið svonefnnda, sem á var lagt til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, átti aldrei að verða neinn tekjustofn fyrir ríkissjóð. Það var lagt á til þess að aðstoða það fólk, sem ekki átti annan kost en að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu þrátt fyrir gífurlega hækkun á olíuverði.

Í byrjun var gjaldinu varið eftir þessari reglu, og þá kom engum í hug að ráðstafa gjaldinu á annan veg. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum varð breyting á framkvæmdinni. Það var strax farið að klípa af gjaldinu og draga hlutfallslega úr greiðslum til þeirra, sem gjaldið áttu að fá, en verja því til orkumála. Og enn heldur ríkisstjórnin áfram á sömu braut, og nú er lagt til að ríkissjóður hirði þennan tekjustofn, en greiði að vísu áfram nokkurn olíustyrk.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum má áætla að gjaldstofn þessi gefi um 1 700 millj. kr. á næsta ári, og þar af verður aðeins varið 700 millj. kr. í olíustyrk.

Olíugjaldið — 1% á söluskaltsstofn — greiða allir landsmenn jafnt. Samkvæmt því má áætla að þeir 70 000 landsmenn, sem verða að kaupa olíu til kyndingar húsa sinna, greiði um 32% af olíugjaldinu eða um 550 millj. kr. Eins og áður segir er gert ráð fyrir því að 700 millj. renni til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði þeirra sem hita hús sín með olíu eða rétt rúmlega það sem sömu aðilar greiða í olíugjaldið. Hér er því orðið um hreina sýndarmennsku að ræða. Olíugjaldið er ekki lengur lagt á til þess að aðstoða þá sem kaupa verða rándýra olíu, heldur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Við leggjum því til að frv. þetta verði settl. en jafnframt staðið að greiðslum til þeirra, sem enn verða að nota olíu til þess að hita upp hús sín, á þann hátt sem upphaflega var lofað.

Alþingi, 17. des. 1976.

Ragnar Arnalds,                    Jón Árm. Héðinsson.  
frsm.